






Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020



SKÝRINGAR

- Svæðið sem breytingin tekur til
- Skipulagsmörk
- Byggingarreitir
- Lóð
- Núverandi byggingar
- Hnit
- Vegur
- Rafhlínur
- Rafstrengir í jörðu
- Þrýstvatnspípur
- Þrýstvatnspípur í jörðu
- Ljósleiðari
- 3173-035
- Skráðar fornminjar ásamt 15 m helgunarsvæði

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 20. júní 2024.



Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

ALMENNT

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu Mjólkárvírkjun, skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Deiliskipulagið tók gildi 15. apríl 2010. Gerðar hafa verið tvær breytingar á skipulaginu og tók sú síðari gildi 24. maí 2023. Einnig hefur ný breyting vegna stækkunar virkunarinnar verið auglýst og biður hún samþykktar.

Tilgangur skipulagsbreytingar er að færa strengleið Mjólkárlínu 2 og rýma þannig til fyrir annarri starfsemi landeiganda.

Vinnslutillaga var kynnt 25. júlí með fresti til að skila inn athugasemdum til 6. september 2024. Tólf umsagnir bárust, þ.e. frá Skipulagsstofnun, Súðavíkurbæ, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Bolungarvíkurkaupstað, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Slökkviliði Ísafjarðarbæjar, Vesturbýggð og Minjastofnun Íslands. Enginn þessara aðila gerði athugasemd við deiliskipulagið nema Minjastofnun sem benti á að samkvæmt nýrri fornleifaskráningu frá 2024 eru fjórar minjar sem geta verið í hættu vegna framkvæmda. Stofnunin lagði til að strengur Mjólkárlínu 2 yrði lagður utan þess svæðis sem fornminjar er að finna. Að öðrum kosti fer stofnunin fram á að fornleifafræðingur verði á framkvæmdavakt á meðan framkvæmdum stendur. Í kjölfar umsagnar Minjastofnunar voru skoðaðir möguleikar á að færa strenginn en ekki reyndist unnt að finna heppilega lagnaleið. Ákvæði um viðveru fornleifafræðings á framkvæmdatíma hefur því verið bætt inn á greinargerð. Einnig hefur nýskráðum fornminjum verið bætt inn á uppdrátt. Náttúrustofa Vestfjarða gerði ekki athugasemd við skipulagið en benti á að haga mætti frágangi eftir framkvæmdir þannig að raskað land samsvari sér við nærliggjandi í land. Einnig taldi Náttúrustofan æskilegt að fylgst verði með því að ágengar tegundir nái sér ekki á strik á framkvæmdarsvæðinu. Ákvæðum þess efnis hefur verið bætt inn á greinargerð.

BREYTINGIN

Breytingin felst í að fyrirhugaður jarðstrengur Mjólkárlínu 2 færir norður fyrir byggingar Mjólkárvírkjunar á láglandi. Í stað þess að strengurinn liggja til vesturs frá tengivirki er gert ráð fyrir að hann liggja til norðurs frá því og sveigi til vesturs norðan við nyrstu byggingar virkunarinnar. Þar þverar strengurinn Vestfjarðarveg en það svæði er utan skipulagssvæðisins og er óbreytt miðað við fyrri áform. Lagnaleiðin liggur um tún og ræktað land. Leiðin er innan hverfisverndarsvæðis skv. gildandi aðalskipulagi, líkt og fyrri lagnaleið. Engar þekktar náttúruminjar eru á svæðinu en innan þess eru skráðar fornminjar sem kunna að vera í hættu vegna framkvæmda. Á meðan á framkvæmdum stendur skal fornleifafræðingur vera á framkvæmdavakt á staðnum. Allar mannvistarleifar sem kunna að finnast skulu skráðar og viðeigandi upplýsingum safnað í samráði við Minjavörð Vestfjarða. Ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd verks skal stöðva hana án tafar. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Leitast skal við að halda raski í lágmarki og móta land sem líkast aðliggjandi landi. Tryggja skal að ágengar tegundir nái sér ekki á strik á röskuðu svæði. Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi skipulags.

ÁHRIF

Breytingin er talin hafa neikvæð áhrif á fornminjar en að öðru leyti óveruleg áhrif á umhverfið miðað við gildandi deiliskipulag. Ný lagnaleið liggur um ræktað land, líkt og fyrri lagnaleið, og hefur takmörkuð áhrif á nýtingu þess. Breytingin hefur ekki áhrif á hverfisvernd eða þekktar náttúruminjar. Með mótvægisáðgerðum má tryggja varðveislu fornminja eða upplýsinga um þær. Breytingin hefur áhrif á fáa aðila en hún varðar fyrst og fremst landeiganda, sem er Orkubú Vestfjarða, og Landsnet auk Minjastofnunar. Áhrif innan veghelgunarsvæðis eru óbreytt.



ÍSAFJARÐARBÆR
MJÓLKÁRVIRKJUN

BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA
MJÓLKÁRÁLÍNA 2

MKV. 1:2000/A2
UNNID AF: PRS/EBK

DAGS. 1. okt. 2024
RÝNT: GPEY

VERKFANG: 85043-024
SAMP: EBK

